

## Íbúafundur – hafðu áhrif á efri árin Minnisblað

### Umhverfi og samgöngur:

- Umferðin um Hafnarfjörð er að þyngjast. Framsýnir eldri borgarar bentu á lausnir með akstursbrautum neðanjarðar.

**Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs.**

- Bæta þarf göngu-og hjólastíga og hreinsun stíga eftir árstíma. Snjómokstur og almenn trjáhirða (klippa tré og runna) þannig að hægt sé að ganga á göngustígum.

**Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs.**

- Bæta þarf ferðaþjónustu fyrir eldri borgara. Of fáar ferðir í boð fyrir eldri borgara.

**Verið er að vinna að gerð nýrra reglna um akstursþjónustu fyrir eldri borgara.**

### Kaup og kjör:

- Fasteignagjöld. Aukinn afsláttur á fasteignagjöldum styður eldri borgara til sjálfstæðrar búsetu.

**Vísað til bæjarráðs.**

- Heimsendur matur. Ósk um fjölbreyttan, hollan og góðan mat á viðráðanlegu verði í umhverfisvænum matarbökkum.

**Verið er að vinna að þessum þætti – þessi þjónustupáttur er í sífelldu endurmati.**

- Tryggja verður fjárhagslegt öryggi eldri borgara.

### Félagsleg einangrun og búseta:

- Óskað var eftir miðlægum og alhliða þjónustukjarna fyrir eldri borgara, sem sameina heilsueflandi frístundir og menningarlegt félagsstarf.

**Í skoðun er uppbygging á svæðinu við Sólvangsvæg.**

-Fleiri heimsóknarvini.

**Stefnt er að því að efla enn frekar samstarf við Rauða Krossinn.**

- Að byggt verði fjölbreytt húsnæði með íbúðir til kaups og leigu.

**Vísað til bæjarráðs.**

### Tómstundir:

- Almenn ánægja með starf FEBH þar sem boðið er upp á fjölbreytt félagsstarf.

**Félagsstarf aldraða er í stöðugri þróun og uppbyggingu.**

- Gera þarf markvissa áætlun um forvarnir svo að heilsan haldist lengur góð.

**Vísað til fjölskylduráðs.**

- Efla þarf hreyfingu fyrir aldraða.

**Stefnt er að því að efla hreyfingu fyrir aldraða innan heimaþjónustunnar.**

#### Heimahjúkrun:

- Áhyggjuefni ef þjónustan flytur úr sveitafélaginu. Þjónustan á að vera í höndum sveitarfélaga.
- Biðlisti eftir heimahjúkrun. Óánægja yfir því.

#### Heimaþjónusta:

- Bæta þarf heimaþjónustuna.  
**Verið er að vinna að þessum þætti – þjónustupáttur í sífelldu endurmati.**
- Biðlisti eftir heimaþjónustu. Óánægja yfir því.  
**Verið er að vinna að þessum þætti – þjónustupáttur í sífelldu endurmati.**
- Óánægja með störf starfsfólks. Starfsfólk þarf rýmri tíma til að sinna verkefnum.  
**Verið er að vinna að þessum þætti – þjónustupáttur í sífelldu endurmati.**
- Óskað er eftir þjónustu frá bænum til að sinna garðvinnu fyrir eldri borgara.  
**Vísað til fjölskylduráðs.**

#### St. Jósefsspítali: **Vísað til bæjarráðs.**

- Heiður Hafnarfjarðar, sem þarf að nýta.
- Hugmyndir um að nýta húsnæðið sem sjúkrahótel, fyrir hvíldarinnlagnir, hjúkrunarheimili.
- Nýta húsnæðið ef mögulegt er, til að létta á Landspítala.

#### Hjúkrunarheimili: **Vísað til bæjarráðs.**

- Biðlisti eftir hjúkrunarheimili.
- Mörk og Ísafold eru vinsælar fyrirmyndir.
- Vistunarmatið er mjög miðlægt, að margra mati.

#### Annað:

- Leggja þarf áherslu á þjónustueiningar þar sem boðið er upp á: Sameiginleg rými, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vinnustofur, stunda heilsurækt, aðgengi að hárgreiðslu og fót snyrtingu, handavinnu.  
**Það eru tvær þjónustueiningar í Hafnarfirði, á Sólvangsvegi og á Hjallabraut. Að auki er unnið að uppbyggingu á Sólvangssvæðinu.**
- Fjöldi eldri borgara er búsettur í Skipalóni en fá enga þjónustu á staðnum.  
**Þjónusta við eldri borgara í Hafnarfirði er margþætt burtséð frá búsetu þar sem allir hafa jafna möguleika á að fá þá þjónustu sem í boði er.**
- Hægt að leita til Reykjavíkur að fyrirmyndum að þjónustumiðstöð, t.d. Árskógar þar sem hægt er að sækja afþreyingu á staðnum.
- Framkvæmdasjóður aldraðra: Hægt að nýta í uppbyggingu.